

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

g

GÚTTÓ ehf
H-prent

Sillfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: halldor@bb.is

↑
OG
↓

JARÐAR

Það er gott að búa í Ísafjarðarbæ

Ég er ekki að segja að Reykjavík sé vond borg eða neitt slíkt, því fer víðs fjarri. En það sem ég sækist eftir í lífinu er miklu auðveldara að uppfylla hér en í Reykjavík. Þrátt fyrir allt er maður ekki að lifa til að vinna, heldur að vinna til að lifa. – Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, er í viðtali vikunnar.



— sjá bls. 10 og 12.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINNS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 13. mars 2014 · 10. tbl. · 31. árg. · Ókeypis eintak



Stílt upp í blíðunni

SMÍDJAN

**VERSLUN
SINDRAGÖTU 12**

Opið mánudaga til föstudaga 8-18
Opið laugardaga 10-14
Sími: 456-1300

...fyrir BÍLINN
...fyrir BÁTINN
...fyrir HEIMILIÐ
...fyrir FAGMANNINN
...fyrir ÞIG!

Kíktu til okkar
í Hafnarstræti 9
Ísafirði



Afgreiðslutími:

Virka daga 10:00-22:00

Lau & sun 11:00-22:00

SUBWAY

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á eBOX.IS

eBOX

auðveldar smásendingar



Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR



Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX

Íhuga að kaupa rækju frá Bandaríkjunum

Erfiðlega hefur gengið hjá rækjuverksmiðjum á Íslandi að verða sér úti um hráefni. Lítil veiði er á Íslandsmiðum og minnkandi framboð á iðnaðarrækju frá Kanada og Noregi. Forráðamenn Kampa ehf. á Ísafirði ætla í apríl til Seattle á vesturströnd Bandaríkjanna og skoða hvort gerlegt sé að flytja inn rækju þaðan. Albert Haraldsson, rekstrarstjóri

Kampa, segir að tegundin sé ögn frábrugðin þeirri sem veiðist í N-Atlantshafi en þegar búið er að sjóða hana og pilla sé lífill sem engin munur. *Pandalus jordanis* heitir tegundin sem um er rætt og rækjan sem við þekkjum á Íslandsmiðum heitir *pandalus borealis*.

„Þessar veiðar byrja ekki fyrr en í apríl en ef það reynist gerlegt

að kaupa hana þá væri hægt að kaupa hana í miklu magni. En það á eftir að svara því hvort það er gerlegt með tilliti til flutningskostnaðar og flutningsleiða og við munum fara út í apríl til að skoða það með seljendum,“ segir Albert. Fulltrúar frá öðrum íslenskum rækjuverksmiðjum verða með í för.

– smari@bb.is



Fokker á Ísafjarðarflugvelli.

Flugi aflýst 79 sinnum í vetur

Á fjögurra mánaða tímabili, frá nóvember 2013 til febrúar 2014, hafa 79 flug fallið niður á Ísafjarðarflugvelli vegna veðurs. Er það umtalsverð aukning frá síðastliðnum vetri en á sama tímabili í fyrra féllu niður 47 flug. Það skekkir niðurstöðuna að í fyrra var Þingeyrarflugvöllur nothæfur og var flogið níu sinnum til Þingeyrar á tímabilinu.

Brautin var dæmd ónothæf í

fyrra og er algjörlega lokuð á veturna en hægt að halda henni opinni yfir sumartímann. Í nóvember 2012 var aflýst 14 sinnum samanborið við 22 sinnum 2013. Í desember 2012 féllu niður 10 flug en 21 í desember 2013. Í janúar 2013 féllu niður 17 ferðir en 18 í janúar 2014. Mestur munur milli ára var í febrúar en 2013 var aflýst sex sinnum en 18 sinnum í ár.

– smari@bb.is



Hugsum um heilsuna 2014



20% afsláttur af Solaray bætiefnum í Lyfju 13. - 20. mars



Lyfja Patreksfirði - Ísafirði

Sæludagar PIZZA

Heimatilbúin með kjúkling eða parmaskinku.

Mangó, furuhnetur, tómatar, smjörsteiktir sveppir, rúkkola og parmesan ostur.

Í boði frá hádegi á föstudag og alla helgina.

Verð kr. 1.900.-

VIÐ POLLINN

Veitingar á Hotel Ísafirði

Pantanir og frekari upplýsingar í síma 456-4111



Sjálfstæðisflokkurinn

Aðalfundur

Aðalfundur fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Ísafjarðarbæ verður haldinn í Sjallanum, fimmtudaginn 27. mars kl. 20:00.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
3. Kosningar
 - a) Kosning formanns.
 - b) Kosning fjögurra manna í stjórn.
 - c) Kosning fjögurra varamanna stjórnar.
 - d) Kosning fulltrúa í kjördæmisráð Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi. Kjósa skal einn fulltrúa fyrir hverja tíu fulltrúaráðsmenn eða brot úr þeirri tölu.
 - e) Kosning tveggja skoðunarmanna ársreikninga og tveggja til vara.
4. Listi sjálfstæðismanna fyrir bæjarstjórnarkosningarnar borinn upp.
5. Önnur mál.

Það hefur aldrei verið **auðveldara** að telja fram

Skilafrestur er til **21. mars**

Rafræn skilríki á korti

Skilríki á debet- eða snjallkorti

Settu kortið í lesarann



Innskráning

> Hvað eru rafræn skilríki?

Rafræn skilríki á farsíma

Skilríki á farsíma

Sláðu inn símanúmer:

Innskráning

Farsíminn þinn þarf að vera með rafræn skilríki

Veflykill ríkisskattstjóra

Skilyrtir reitir eru merktir með stjörnu (*)

Kennitala *

Veflykill *

Innskráning

> Týndur veflykill

■ Skilafrestur

Almennur skilafrestur fyrir launamenn og einstaklinga með eigin atvinnurekstur er til **21. mars**.

Unnt er að sækja um lengri frest á skattur.is og getur hann lengstur orðið til 1. apríl. Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda.

■ Upplýsingar á framtali

Áríðandi er að framteljandi athugi hvort áritaðar fjárhæðir og aðrar upplýsingar séu í samræmi við gögn og upplýsingar sem hann hefur sjálfur undir höndum.

■ Auðkenning

Unnt er að auðkenna sig með þrenns konar hætti, þ.e. með rafrænum skilríkjum á debetkorti, rafrænum skilríkjum í gsm síma og með veflykli RSK.

Veflykla má fá senda í heimabanka eða með bréfapósti.

■ Símapjónusta í 442-1414

Í mars verður veitt aðstoð í síma 442-1414 alla virka daga frá kl. 9:30 til 15:30.

Dagana 21. mars, 31. mars og 1. apríl verður þjónustan í boði til kl. 19:00.

skattur.is



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is
 Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Sérhagsmunagæsla

Vilji borgarstjórn Reykjavíkur í flugvallarmálinu svokallaða leynir sér ekki lengur. Flugvöllurinn skal í burtu, hvað sem öllum skoðanakönnunum og þjóðarvilja líður. Vinnubrögðin eru kunnugleg. Það er laumast inn um bakdyrnar. Eða eins og Friðrik Pálsson, formaður samtakanna Hjartans í Vatnsmýrinni, orðar það í viðtali við Morgunblaðið. „Nú skal þrengt að flugvellinum smátt og smátt með því að skipuleggja byggð hér og þar í kringum hann þangað til að hægt verði að lýsa því yfir að hann standist ekki lengur kröfur sem Alþjóða Flugmálastofnunin og íslenskar reglugerðir gera til flugvalla.“

Ákvörðun borgaryfirvalda um að loka NA-SV-braut Reykjavíkurflugvallar er að fullu í andstöðu við fyrirliggjandi samkomulag borgar, ríkis og Icelandair Group, um að leiða flugvallarmálið til lykta með sátt, sem meðal annars byggðist á skipan stýrihóps um könnun valkosta fyrir framtíðarlegu flugvallar á höfuðborgarsvæðinu. Að sögn formanns hópsins, Rögna Árnadóttur, munu niðurstöður hópsins liggja fyrir undir lok þessa mánaðar.

Að því er fram hefur komið í Morgunblaðinu er ljóst hvaða hagsmuna er verið að gæta. Hinn 7. þ.m. segir áður nefndur Friðrik í viðtali við blaðið að með þessu sé „hagsmunum íbúa borgar og landsins alls ýtt til hliðar til að tryggja hagsmuni eins af knattspyrnufélögum borgarinnar og aðila tengdra því,“ en daginn áður gat að líta feitletraða, heilsíðu fyrirsögn í blaðinu, tengda málinu: „Mun gjörbreyta fjárhag Vals“ auk undirfyrirsagna, sem tóku af allan vafa um eðli málsins.

Sett á vogarskálarnar lífur dæmið þannig út: Annars vegar eru hagsmunir fótboltafélags, sem sjálfsgætt er alls góðs maklegt; hins vegar hagsmunir íbúa alls landsins, á fjölmörgum sviðum, þar á meðal aðgang að allri sérhæfðri heilbrigðisþjónustu, sem hvergi er í boði nema í Reykjavík, og að nánast allri stjórnsýslu, sem sækja verður til Reykjavíkur.

Nú þarf enginn að efast lengur. Borgarstjórn Reykjavíkur hefur með þessum gjörningi lýst með eftirminnilegum og afdráttarlausum hætti afstöðu sinni í flugvallarmálinu, hverra hagsmuna verður gætt og um leið liggur grímulaus afstaða til landsbyggðarinnar fyrir.

Á rétttri leið

BAP-vottun Fjarðalax á Tálknafirði fyrir laxeldi og umgengni um náttúruna er ánægjuefni. BB hefur ávalt hvatt til fyllstu aðgátar við fiskeldi í sjó. Fiskeldi er trúlega eitt stærsta atvinnuhagsmál Vestfirðinga, stóriðja á mælikvarða fyrirliggjandi atvinnutækifera. Vottunin til Fjarðalax er viðurkenning um að við séum á rétttri leið. Þaðan má ekki víkja. s.h.

Spurning vikunnar

Ætlar þú á Aldrei fór ég suður?

Alls svöruðu 418.
 Já sögðu 212 eða 51%
 Nei sögðu 153 eða 37%
 Óvíst sögðu 53 eða 12%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Stíllt upp í blíðunni

Starfsmenn Vestfirskra verkataka á Ísafirði voru glaðbeittir við uppsteypu á hjúkrunarheimilinu Eyri í blíðunni á föstudag. Tíðarfarið hefur verið einkar óhagstætt undanfarnar vikur, stanslaus kaldaskitur en þó ekki svo kalt að ekki hafi verið hægt að steypa. Alfreð Erlingsson, framkvæmdastjóri Vestfirskra verkataka, segir að verkið sé á áætlun miðað við árstíma. Þrátt fyrir að veður síðustu daga hafa verið með besta móti, láta þraut-

reyndir verktakar það ekki blekkja sig og líklegra en ekki að blíðan sé hreinræktað svikalogn. „Mars getur oft verið erfiður mánuður en við vonum að veðrið haldist sæmilegt,“ segir Alfreð.

Vestfirskir verktakar buðu lægst í annan áfanga hjúkrunarheimilisins. Ekki er búið að skrifa undir verksamning en Alfreð gerir ekki ráð fyrir öðru en það verði gert fljótlega. Verkefna- staða Vestfirskra, eins og fyrirtækið kallast í daglegu máli, er

góð. Auk hjúkrunarheimilsins er fyrirækið að byggja spennistöð fyrir Orkubú Vestfjarða á Skeiði og innan viku eða 10 daga skila þeir af sér stóru verki við hjúkrunarheimilið í Bolungarvík. „Það er ekki hægt að kvarta undan verkefnaleysi, svo mikið er víst,“ segir Alfreð.

Fimm tilboð bárust í annan áfanga Eyrar og hljóðaði tilboð Vestfirskra upp á 307,5 milljónir króna. Í öðrum áfanga felst vinna við frágang innanhúss.

Matthíasar Bjarnasonar minnst

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar í síðustu viku minnstu bæjarfulltrúar Matthíasar Bjarnasonar sem lést fyrir viku, 92 ára að aldri. Gísli Halldór Halldórsson, forseti bæjarstjórnar, sagði í ræðu sinni: „Ágætu bæjarfulltrúar. Við minnumst Matthíasar Bjarnasonar fyrrverandi alþingismanns, ráðherra og bæjarfulltrúa, en hann lést síðastliðinn föstudag, 92 ára að aldri. Matthías var fæddur á Ísafirði 15. ágúst 1921. Árið 1946 var hann kjörinn vara-bæjarfulltrúi fyrir Ísafjarðarkaupstað, en skipaði svo 1. sæti á framboðslista sjálfstæðisflokksins á Ísafirði í tuttugu ár, frá árinu 1950 til 1970, átti hann jafnan sæti í bæjarráði og fjölda nefnda í bænum. Hann var forseti bæjarstjórnar 1949-1952. Matthías gegndi fjölmörgum störfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn, á Ísafirði, á Vestfjörðum og á landsvísi.

Matthías var kjörinn þingmaður fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Vestfjarðakjördæmi árið 1963 og sat samfelt á þingi til ársins 1995. Matthías varð tvívegis ráðherra, fyrst á kjörtímabilinu 1974 til



Matthías Bjarnason.

1978 þegar hann var sjávarútvegs-, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar og aftur 1983 til 1987 þegar hann var fyrst heilbrigðis-, tryggingamála- og samgönguráðherra og síðan samgöngu- og viðskiptaráðherra, í fyrstu ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar. Var Matthías því sjávarútvegsráðherra árið 1976 þegar fiskveiðilögsaga Íslands var færð út í 200 mílur.

Matthías var framkvæmda-

stjóri Djúpbátsins í aldarfjórðung og Vélbátaábyrgðarfélags Ísfirðinga í fimmtán ár. Jafnframt rak hann, ásamt konu sinni Kristínu Ingimundardóttur, bókaverslun á Ísafirði allan þennan tíma, til ársins 1973.

Matthías sat í fjölmörgum stjórnnum og nefndum fyrirtækja. Má þar nefna stjórn úrgerðarfélagsins Ísfirðings hf. 1947 til 1959, sem hann var forvígismaður að, en félagið rak togarana Sólborg og Ísborg og var stærsti atvinnurekandinn í bænum á þeim tíma. Einnig sat Matthías í stjórn Vinnuveitendafélags Vestfjarða 1958 til 1972, í stjórn Útvegsmanafélags Ísfirðinga 1960 til 1963, í stjórn Útvegsmanafélags Vestfirðinga 1963 til 1970 og í stjórn Landssambands íslenskra útvegsmanna 1962 til 1974, svo það helsta sé talið.

Matthías var oft kallaður Járnkallinn og eru þeir margir í dag sem sakna atorku hans og harðfylgis úr íslenskum stjórnámum. Við minnumst hans með hlýhug og þakklæti.“

– smari@bb.is



„Framúrskarandi akstursupplifun“

Ford Kuga Titanium AWD.

Yfirburðir Ford Kuga liggja í óviðjafnanlegum aksturseiginleikum, fyrsta flokks öryggi og hámarks þægindum.

Ford Kuga fær þig til að brosa í hvert skipti sem þú sest undir stýri. Komdu og prófaðu.

Brimborg fagnar 50 árum í bílgreininni og af því tilefni fylgja ný Nokian vetrardekk og dráttarbeisli að verðmæti 365.000 kr. öllum Ford Kuga í mars. Nýttu tækifærið.

Beinskiptur með dísilvél frá 5.790.000 kr.
Sjálfskiptur með dísilvél frá 6.490.000 kr.
Sjálfskiptur með bensínvél frá 6.190.000 kr.



ford.is

50 ár í bílgreininni

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík Brimborg Akureyri
Bíldshöfða 6 Tryggvabraut 5
Sími 515 7000 Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Vissir þú að Ford Kuga er öruggasti bíllinn í sínum flokki?

Öryggi skiptir miklu máli en það gerir staðalbúnaðurinn líka. Ford Kuga stenst þann samanburð fyllilega líka enda búinn skynvæddu fjórhjóladrífi, Ford SYNC raddstýrðu samskiptakerfi með Bluetooth búnaði fyrir GSM síma og neyðarhringingu, Titanium leðuráklæði á slitflötum sæta, 17" Titanium álfelgum, upphitanlegri framrúðu, starthnappi, regnskynjara í framrúðu og langboga með álútliti. Síðan er að sjálfsögðu hægt að sérpanta. Ford Kuga hefur sérstöðu í úrvall og verði aukabúnaðar. Afgreiðslutími sérpantana er einnig styttri en almennt gerist. Pantaðu bílinn eins og þú vilt hafa hann! Það er margt í boði. Við mælum með að þú byrjir á að kíkja við í reynsluakstur - við tökum vel á móti þér!

Ford Kuga AWD 2,0 TDCi dísil 140 hð. 6 gíra beinsk./sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9/6,2 l/100 km. CO₂ losun 154/162 g/km.

Ford Kuga AWD 1,6i EcoBoost bensín 182 hð. sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 7,7 l/100 km. CO₂ losun 179 g/km.

Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



ÍSAFJARÐARBÆR

AÐSTOÐARMATRÁÐUR

Leikskólinn Sólborg á Ísafirði leitar að aðstoðarmatráði í 87,5% starf. Viðkomandi þarf að geta byrjað strax. Starf aðstoðarmatráðs felur m.a. í sér að aðstoða við matseld í samráði við matrád, sjá um uppvask og frágang á þvotti. Aðstoðarmatráður þarf einnig að geta leyst matrád af í fjarveru hans.

Nánari upplýsingar fást hjá leikskólastjóra í síma 450 8285.



Kirkjubjónn

Sóknarnefnd Ísafjarðarkirkju óskar eftir að ráða kirkjubjón til starfa frá og með 1. maí nk. Starfið er fjölbreytt og felur m.a. í sér meðhjálparastarf og útfarir, vinnu við safnaðarstarf kirkjunnar, skrifstofuvinnu, ræstingar o.fl. Óskað er eftir manneskju sem hefur frumkvæði og með góða hæfni í mannlegum samskiptum. Umsóknarfrestur er til 25. mars nk.

Upplýsingar gefur Björn Baldursson formaður sóknarnefndar í síma 848 4878 eða á netfanginu vigur@simnet.is.



Orkubú Vestfjarða

Starf við Mjólkárvirkjun

Orkubú Vestfjarða auglýsir hér með starf við Mjólkárvirkjun í Arnarfirði laust til umsóknar. Föst búseta á staðnum eða á suðursvæði Vestfjarða er skilyrði.

Miðað er við að viðkomandi geti hafið störf 1. júní n.k., eða eftir nánara samkomulagi. Gerðar eru kröfur um rafiðnfrðings- eða vélfræðingsmenntun.

Umsóknarfrestur er til 28. mars. Frekari upplýsingar veitir undirritaður í síma 450 3230 eða stöðvarstjóri í síma 450 3290.

Sölvi R. Sólbergsson,
framkvæmdastjóri orkusviðs.

Umframkostnaður vegna orkuskorts 215 milljónir

Afar lélegur vatnsbúskapur á hálendinu veldur því að Landsvirkjun getur ekki afhent Orkubúi Vestfjarða orku á hitaveitukatla og sundlaugar í mars og apríl. Sölvi Sólbergsson, framkvæmdastjóri orkusviðs Orkubúsins, segir að fyrirtækið sé tilneytt að keyra olíukatla til að bregðast við orkuskortinum. Viðbótarkostnaður Orkubúsins er áætlaður 215 milljónir króna. Sá kostnaður mun óhjákvæmilega á endanum falla á neytendur, bæði fyrirtæki og heimili. Tíðarfarið í fyrra og í vetur hefur verið óvenju óhagstætt, sumarið í fyrra var kalt og lítil snjóbráð.

Þrálátar og óvenju hlýjar norð-

anáttir hafa einkennt veðurfarið í vetur með úrkomu á norðanverðu landinu og Vestfjörðum og mjög lítilli úrkomu sunnanlands þar sem mest raforkuframleiðsla fer fram. Sem dæmi um lága vatns-hæð í lónum Landsvirkjunar má benda á að Blöndulón náði ekki að fyllast í fyrra eins og sést á myndinni hér fyrir neðan. Ekki er búist við að til skerðingar komi hjá viðskiptavinum Orkubúsins að sögn Sölva en hafa ber í huga að fleiri aðilar en Orkubúið eru á raforkumarkaði á Vestfjörðum. Orkubúið rekur sex kyndistöðvar á Vestfjörðum sem nú þarf að kynda með olíu í stað rafmagns. Tvær á Ísafirði og í Bolungarvík,

á Flateyri, Suðureyri og Patreksfirði.

Frá því var greint fyrr í vikunni að sundlaugarinnar á Hólmavík og Þingeyri yrði lokað vegna bágrar vatnsstöðu í lónum Landsvirkjunar sem veldur því að ekki er hægt að afhenda svokallaða „ótrygga orku“. Aukafjárveiting til kaupa á dýrari forgangsorku fékkst frá Ísafjarðarbæ til að halda sundlauginni á Þingeyri opin. Gunnar S. Jónsson, forstöðumaður sundlaugarinnar á Hólmavík, sagði samtali við Fréttablaðið fyrr í vikunni að ekki kæmi til greina að hita að upp með olíu en það kosti um 80 þúsund krónur á dag.



Vestfirðingum fækkaði hlutfallslega mest

Vestfirðingum fækkaði um 0,8% á síðasta ári, úr 7.031 í 6.972. Á Norðurlandi vestra fækkaði fólki einnig eða um 0,4%. Íbúum Ísafjarðarbæjar, fjölmennasta sveitarfélagi fjórðungsins, fækkaði um 109 og voru þeir 3.639 um síðustu áramót. Íbúum í Reykhólahreppi fækkaði einni og voru þeir 271 um áramót eða níu færri en árið á undan. Þá fækkaði um einn íbúa í Árnes-hreppi en þar búa í dag 53 einstaklingar. Íbúum í Strandabyggð fækkaði um 12 og eru þeir nú 506.

Ef litið er á Vestfirði í heild, fjölgaði íbúum í fleiri sveitarfélögum en fækkaði í Bolvíkingum fjölgaði um 32 og eru þeir 950 í dag. Í Tálknafjarðarhreppi fjölgaði íbúum um fjóra og eru þeir 297. Í Vesturbyggð fjölgaði íbúum um átta og telur sveitarfélagið

949 íbúa í dag. Íbúum í Súðavík-urhreppi fjölgaði um 26 sem er nokkuð vel af sér vikið fyrir ekki stærra sveitarfélag en það telur nú 202 íbúa. Einnig fjölga íbúum í Kaldrananeshreppi eða úr 100 í 105.

Þetta kemur fram í tölum Hagstofunnar um íbúafjölda 1. janúar síðastliðinn. Þá voru landsmenn 325.671 og hafði fjölgað um 3.814 frá sama tíma árið 2013. Þetta jafngildir fjölgun landsmanna um 1,2%. Konum og körlum fjölgaði sambærilega á árinu og voru karlar 1.065 fleiri en konur. Mikil fólksfjölgun var á höfuðborgarsvæðinu en þar voru íbúar 3.077 fleiri 1. janúar 2014 en árið á undan. Það jafngildir 1,5% fjölgun íbúa á einu ári. Hlutfallslega varð fólksfjölgunin hins vegar mest á Suðurnesjum, þar

sem fjölgaði um 1,7%, eða 354 frá árinu á undan. Fólki fjölgaði einnig á Suðurlandi, um 253 einstaklinga (1,1%), og um 90 (0,7%) á Austurlandi. Minni fólksfjölgun var á Vesturlandi (0,4%) og Norðurlandi eystra (0,2%). Fólksfækkun var á tveimur landsvæðum, Vestfjörðum þar sem fækkaði um 59 manns, eða 0,8%, og á Norðurlandi vestra en þar fækkaði um 26, eða 0,4%.

Á landinu voru 69 þéttbýlisstaðir með 200 íbúa eða fleiri 1. janúar 2014. Þeim hafði fjölgað um tvo frá fyrra ári. Auk þeirra voru 34 smærri staðir með 50-199 íbúa sem er fækkun um tvo frá fyrra ári. Í þéttbýli bjuggu 305.642 manns 1. janúar 2014 og hafði þá fjölgað um 4.178 á árinu. Í dreifbýli og smærri byggðarkjörnum bjuggu 20.029 manns.



ÍSLENSKUR

GÓÐOSTUR

- GÓÐUR Á BRAUÐ -



ÍSLENSKUR GÓÐOSTUR

Dýrfiskur ekki í umhverfismat

Skipulagsstofnun hefur úrskurðað að 4000 tonna eldi Dýrfisks hf. í Ísafjarðardjúpi sé ekki háð umhverfismati. Dýrfiskur fyrirhugar aukningu á eldi regnbogasilungs í sjókvám í utanverðu Ísafjarðardjúpi, við Snæfjallaströnd, á svæði sem kennt er við Sandeyri og fyrir utan eyðibýlið Ytra-Skarð. Fyrir hefur Dýrfiskur starfs- og rekstrarleyfi fyrir 200 tonna framleiðslu á svæðinu. Dýrfiskur fyrirhugar að koma fyrir 10 eldiskvám á 360 hektara svæði. Eldissvæðið verður

meira en 150 metra frá landi og falli því ekki undir skipulagslög. Hraðfrystihúsið- Gunnvör hf. hefur tilkynnt um fyrirhugaða stækkun á sinni fiskeldisstarfsemi og stefnir á að framleiða allt að 7.000 af þorski og regnbogasilungi.

Skipulagsstofnun úrskurðaði að stækkun HG sé háð umhverfismati og er unnið að því. Fáist umbeðin leyfi samþykkt stefni í að hámarksframleiðsla af eldiski á einstöku ári geti orðið 11.000 þús. tonn í Ísafjarðardjúpi.

Samkvæmt burðarþolsmati muni það ekki hafa neikvæð áhrif á vistkerfi eða lífríki fjarðarinnar. Eldissvæðið við Sandeyri er fjarri megin veiðislóð rækju í Ísafjarðardjúpi. Sérhver eldiskví verður með 45.000 rúmmetra eldispoka og þéttleiki fisks að jafnaði undir 10 kg á hvern rúmmetra eldisrým. Kvíarnar verða staðsettar í tveimur röðum með 5 kvímum í hvorri röð þvert á straumstefnu.

Fram kemur í umsókn Dýrfisks að við slátrun verði fiskinum dælt í sérútbúinn bát, þar verði fiskur-

inn blóðgaður og kældur um borð. Til að fyrirbyggja hugsanlegar smitleiðir verði þess gætt að ekkert blóðvatn fari í sjóinn á eldissvæðinu. Siglt verði með sláturfisk til Flateyrar, eða til Ísafjarðar og fluttur þaðan með bíl til Flateyrar þar sem fram fari slæging, flökun og pökkun, í vinnsluhúsi Arctic Odda.

Regnbogasilungur getur ekki lifað og fjölgað sér í íslensku náttúru. Náttúruleg heimkynni regnbogasilungs eru í Norður-Ameríku, þar sem áhrifastig er mun

hærra en hér á landi. Regnbogasilungur þroskar hrognin því seint að vetri og hrygnir snemma vors. Hrognin klekjast út síðsumars eða að hausti og seiðin lifa ekki af komandi vetur. Ekki þekktist að regnbogasilungur hafi myndað náttúrulegan stofn í landinu, þrátt fyrir að eldi á þessari tegund hafi verið stundað hér á landi í meira en hálfa öld.

Samkvæmt lögum má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. – smari@bb.is

Ísbjörn ÍS leigður til Grænlands

Frystitogari útgerðarfélagins Sæðísar ehf., á Ísafirði, Ísbjörn ÍS, hefur verið leigður til Grænlands. Jón Guðbjartsson, einn eigenda Sæðísar ehf., segir engan rekstrargrundvöll fyrir skipið hérlendis. Sæðís ehf., er í eigu Birnis ehf., og Kampa ehf. „Veiðin hefur dregist saman á Íslandsmiðum og aflaheimildir sem við vonuðumst til að fá á fjarlægum miðum gengu ekki eftir,“ segir Jón. Ísbjörninn verður ekki að veiðum við Grænlandi sögn Jóns, heldur verður skipið notað sem fljótandi frystihús þar sem fá frystihús eru á svæðinu.

„Hann verður á norðvestur Grænlandi og mun aðallega frysta grálúðu sem sjómenn í þorpunum veiða. Hann er í slipp núna. Það er verið að taka úr

honum aftasta hluta rækjuverksmiðjunnar og í staðinn verður settur upp búnaður til að flokka og vinna grálúðu.“ Leigutími skipsins er 18 mánuðir og segir Jón óvíst hvað gerist eftir þann tíma. „Við munum setjast niður með þeim og mögulega kaupa þeir skipið. Við vorum búnir að auglýsa hann til sölu en erum búnir að taka hann af söluskrá meðan á leigunni stendur.“

Fyrirtækið sem leigir Ísbjörn er í grænenskri og danskri eigu og manna þeir skipið sjálfir. Einn maður frá útgerð Ísbjarnar verður um borð en hann verður á launaskrá leigutakans. Jón gerir út tvö önnur skip, Valbjörn og Gunnbjörn, sem hafa ekki verið á sjó í vetur. „Ef veður og veiði skána, fara hin skipin á sjó. En til fram-



Ísbjörn ÍS var keyptur haustið 2011.

tíðar þá skiptir nýtt frumvarp um framtíðarmöguleika rækjuút-
sjávarútvegsráðherra öllu máli

gerðar. Fari það svo að kvótanum

verði skipt eins og ráðherra leggur til þá er útlitið dökkt,“ segir Jón.

Bannað börnum

Undanfarnar vikur hefur gengið nokkuð á þegar hið háa Alþingi hefur haldið fundi. Í sjálfu sér er ekki ætlunin að ræða ágreiningsefnin heldur framkomu alþingismanna. Hún hefur ekki verið til fyrirmyndar, heldur þvert á móti. Hvað veldur er ekki gott að segja, en þessu þarf að breyta og því geta þingmenn, konur og karlar, einir breytt, því miður. Ekki er við því að búast að þeir ráði við verkefnið. Þrátt fyrir allt er það svo að þingmenn eru þjónar þjóðarinnar, en því gleyma þeir greinilega. Væri það hið eina sem þeir gleymdu væri ef til vill óþarfi að æsa sig mjög. En þeim ætti að vera auðvelt að sýna hverjum öðrum lágmarksvirðingu. Þjóðin treysti þeim þrátt fyrir allt til þingsetu og til fara með umboð sitt af trúmennsku. Trúmennska er reyndar orð og hugtak sem nýtur lítills skilnings meðal mikils hluta þjóðarinnar, því miður.

Athygli vakti þegar kona sem hefur gegnt ráðherraembætti tapaði sér í ræðustól. Eitthvað hefði verið sagt ef karlmaður hefði hagað sér á svipaðan hátt, en það er ekki aðalatriðið. Einværn veginn er það svo að fæstir bjuggust við þessari framkomu af þessari annars þróðu og geðþekku konu. En lengi skal maðurinn reyna segir máltækið og reynist hafa að innihalda trúverðugan boðskap, því miður að þessu sinni. Kannski er þetta merki um breytingar í samfélaginu, líkt og er að sýna sig í heimi femínista, sem er reynd-

ar karkynsorð, eins og orðið ráðherra, sem stendur ekki í kvenkyns stjórnmálamönnum, komist þeir á annað borð í þá svo mjög eftirsóknarverðu stöðu. Samt er það svo að mörgum gengur afar illa að setta sig við breytingar af þessu tæi. Þá er átt við hegðun, orðfæri og framkomu.

Femínistar og stuðningsmenn réttindabaráttu kvenna á heimsvísu verðlaunuðu „ofurfemínista“, sem réðist að öðrum konum í skjóli netnóttu og skaut harkalega úr launsátri. Það gerðu þær vonandi í góðri trú þótt viðbrögð þeirra séu líft trúverðug, enda úr vöndu að ráða þegar dýrtingur fellur af stalli. En málstaðurinn réttlætir ekki hvað sem er, hvorki orðbragð né hegðun. Sú list að nota okkar frábæra tungumál til þess að koma skoðun sinni til skila án ofors virðist vera að hverfa, vera á útleið, svo notað sé nútímamál, sem kannski er einnig að fymast. En að ala á netóttu í skjóli netnóttu er ófögur iðja, en ekki bara það. Orðbragðið sem konur í ham nota núorðið ætti að banna börnum og þar með ætti útvarp og sjónvarp frá Alþingi að vera bannað börnum, að minnsta kosti þar til alþingismenn vakna til vitundar um ábyrgð sína. Sama ætti að gilda um „ofurfemínista“. Vernda verður börnin, sem vonandi verða alþingismenn og baráttumenn jafnréttis framtíðarinnar. Orðbragðið, hegðunin og framkoman skemmir bæði málstað og rök.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í Bæjarins besta í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum Stakks á meðan hann notar dulnefni sitt.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



Verðlækkun á Pampersbleium í Bónus

Pampers

Midi 104 stk. 2598 kr.
Aðeins **25 KR.STK**

Pampers

Junior 80 stk. 2598 kr.
Aðeins **33 KR.STK**

Pampers

Maxi + 80 stk 2598 kr.
Aðeins **33 KR.STK**

Pampers

Maxi 86 stk. 2598 kr.
Aðeins **31 KR.STK**

Gott verð á kaffi í Bónus



698
kr. 500gr

GEVALIA 500G

698
kr. 500gr

MERRILD 500G

595
kr. 500gr

BKI 500G

498
kr. 400gr

LÚXSUS DILETTO 400G

398
kr. 500gr

BONUS 500G

FROSID

1259
krónur kg.

Kaupfél. Skagf. Heilt lambalæri **FROSID**

BÓNUS Ferskur grísabógur

595
krónur kg.

Þat fyrir: 25.02.14 Þyngd: 2,71 kg
Næringargildi í 100 g
Orka: 784 kJ / 188 kcal
Fetta: 11,6 g
Þar af mettaðar fitusýrur: 4,6 g
Kolvetni: 0,4 g
Þar af afþykur: 0 g
Protein: 20,4 g
Salt: 0,1 g
Orunaland: Ísland
www.svinvirkar.is

ÍSLANDSLAMB

1998
krónur kg.

ÍSLANDSLAMB Ferskur 1/2

1498
krónur kg.

Kaupfél. Skagf. Lambalæri í sneiðum **FROSID**

459
6 fernur.

MS Kókó mjólk 6 fernur 250ml

798
krónur kg.

Kaupfél. Skagf. Frosið lambasúpukjöt

AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

BONUS

EKKERT BRUÐL



AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

Það er gott að k

„Viðtöl eru oft uppfyll af því hvað allt hafi verið rómantískt og skemmtilegt hérna á Ísafirði í gamla daga og hvað allt sé verra núna. Það sem kom mér hins vegar á óvart þegar ég fluttist aftur til Ísafjarðar árið 2010, þegar ég var búinn að vera í burtu í tuttugu ár, var hvað það er gott að búa hér, hvað bærinn hefur upp á mikið að bjóða. Mér finnst stundum eins og íbúarnir átti sig ekki á því hvað það er í raun og veru gott að búa hérna. Ef við lítum til barnanna, svo dæmi sé tekið, þá kemur maður ekki í fljótu bragði auga á margt sem þau fara á mis við hérna í samamburði við höfuðborgarsvæðið,“ segir Daníel Jakobsson, sem lætur af starfi bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar eftir kosningarnar í vor. Hann segir að bæjarstjórarstarfið hafi verið mjög skemmtilegt, hann hefði alveg getað hugsað sér að vera bæjarstjóri áfram, en núna sé hann einfaldlega búinn að taka að sér annað verkefni.

„Langmesti styrkleikinn í þessu sveitarfélagi er að mínu mati fólkið sem býr hérna. Það eru hin miklu samskipti sem við eigum og hin mörgu tækifæri til samskipta, við hugsum hvert um annað. Ég segi ekki að atvinnulífið hérna sé mjög fjölbreytt, en það eru að minnsta kosti mörg atvinnutækifæri og mörg tækifæri á ýmsan hátt. Fyrir til dæmis einhvern ungan og efnilegan viðskiptafræðing eða annað háskólamenntað fólk, þá sé ég ekki að það sé mjög flókið að flytja hingað og búa sér til sína eigin framtíð. Tækifærin eru það mörg.

Mér finnst ég til dæmis endalaust vera að reka mig á eitthvað sem ég vildi spreya mig á, þó að ég hafi alveg nóg með mitt. Fyrir ungt fólk finnst mér þetta vera svo spennandi samfélag. Einmitt þess vegna hef ég gefið kost á mér í pólitík, ég vil reyna einhvern veginn að snúa þessu viðhorfi fólks, bæði hér á svæðinu og á landinu öllu, og fá það til að átta sig á kostunum við að búa hér. Þú hefur meiri tækifæri til að vera með fjölskyldunni, þú hefur meiri tíma fyrir sjálfan þig, meiri tíma fyrir tómsundur, hérna er ekki allur þessi akstur eins og á höfuðborgarsvæðinu. Það er svo margt jákvætt við að eiga hérna heima.“

Prestssynir og praktarar til helminga

Daníel Jakobsson er fertugur að aldri. Faðir hans er séra Jakob Ágúst Hjálmarsson frá Bíldudal, dómkirkjuprestur í Reykjavík og fyrrum prestur á Ísafirði. Auður Daníelsdóttir móðir Daníels er Akureyringur að uppruna.

„Ég er að nokkru alinn upp í Kaupfélaginu á Ísafirði, þar sem núna er Hótel Horn sem við Vala konan mín rekum. Það hús er mér afar kært.“

Bræður Daníels eru Óskar og Þórir, sem eru tveimur og fjórum árum eldri en hann. „Við ólumst hér upp sem prestssynir og praktarar sirka til helminga.“

Eiginkona Daníels er Hólmfríður Vala Svavarsdóttir. „Hún er frá Ólafsfirði, sem er svipað samfélag og Ísafjörður,“ segir hann. Þau eiga þrjú börn, tvær

stelpur, aðra sjö ára, rétt að verða átta, og hina fimmtán ára, og strák sem er tólf ára, að verða þrettán.

Hvergi liðið eins vel og hérna

– Þegar þú komst hingað aftur fyrir bráðum fjórum árum, hverjar voru hugmyndirnar þá? Að vera hér bara um stundarsakir í þessu starfi og fara svo aftur?

„Ég er nú yfirleitt ekki með nein langtímaplön. En, jú, kannski maður hafi verið að horfa á það að taka eitt kjörtímabil, prófa þetta og ná sér í reynslu. Planið náði í sjálfu sér ekkert lengra en að vera þessi fjögur ár. Núna hugsa ég að þau verði allavegana fleiri en fjögur, að minnsta kosti erum við búin að kaupa okkur hús, þannig að það er nú ekki beinlínis merki um að við séum að fara. Okkur finnst gott að vera hérna, við viljum vera hérna. Auðvitað veit maður aldrei hvað framtíðin ber í skauti sér, en ég sé ekki fyrir mér að við séum að flytja héðan í brád.“

– Er betra að búa á Ísafirði en þið hjuggust við?

„Ég hef búið bæði á Akureyri og í Reykjavík en mér hefur hvergi liðið eins vel og hérna. Ég lifi ótrúlega skemmtilegu lífi, er í skemmtilegu starfi og get jafnframt iðkað í tómsundum það sem ég mig langar til, ég fer mikið í golf, fer mikið út að hlaupa, fer á skíði, og bara út í náttúruna. Mér finnst þessi bær hafa mjög marga kosti sem ég sækist eftir, og það eru fleiri sem gera þetta.“

Að vinna til að lifa en ekki öfugt

– Þegar þú áttir heima syðra, varstu eins mikið í þessu þá?

„Nei, það er einmitt það sem mér finnst vera svo mikill kostur. Ég er þannig týpa, að ég vil vinna mikið og vil vera í krefjandi starfi, en ég vil líka geta hreyft mig og notið lífsins. Það er einhvern veginn þetta samspil sem mér finnst svo heillandi hérna.

Fyrir sunnan fannst mér ég gera lítið annað en að vinna og keyra bíl. Þegar þú ætlar að útrétta eitthvað þar um helgar, þá ferðu ekki á marga staði, það fer svo mikill tími í að koma sér á milli. Það er allt annað hérna. En líka finnst mér gott að vera í þannig starfi að ég fer oft til Reykjavíkur. Ég hitti mikið af vinum mínum sem búa fyrir sunnan og get þá notið þess sem Ísafjörður hefur ekki. Ég er ekki að segja að Reykjavík sé vond borg eða neitt slíkt, því fer fjarri. En það sem ég sækist eftir í lífinu er miklu auðveldara að uppfylla hér en í Reykjavík. Þrátt fyrir allt er maður ekki að lifa til að vinna, heldur að vinna til að lifa.“

Þess má geta að Daníel og fjölskylda hans bjuggu uppi í Mosfellsbæ þó að vinnan væri stunduð í Reykjavík, þannig að tíminn hjá honum að komast til og frá vinnu var um eða yfir hálf tími á dag. „Og þegar vinnudagurinn var langur var ég sjaldnast kominn heim fyrr en klukkan sjö,“ segir hann.

– Var engin fortíðarþrá í þér að koma vestur aftur?

„Mér leið vissulega alltaf mjög vel hér á Ísafirði. Auðvitað sá ég bæinn kannski að einhverju leyti

í hillingum. En ég fór strax eftir gagnfræðaskóla, þannig að strákarnir sem voru vinir mínir hérna voru kannski meira orðnir kunningjar. Það kom mér reyndar mjög á óvart hvað maður var fljótur að eignast hér góða vini og marga. Nei, ég held að ég hafi ekki verið mikið upptekinn af fortíðarhyggju, alls ekki. Þvert á móti fannst mér Ísafjörður einhvern veginn ekki hafa neitt flotta ímynd. Margir voru hissa á því að maður skyldi taka þetta skref að flytja út á land.“

Hefur oft borið Akureyri og Ísafjörð saman

Daníel og fjölskylda hans áttu heima á Akureyri um fjögurra ára skeið. Því skal hann spurður:

– Hvernig er samanburðurinn milli Ísafjarðar og Akureyrar?

„Ég hef oft borið þessa bæi saman. Mér finnst Akureyri eiginlega vera dálítið þannig að hún hafi ókosti bæði Ísafjarðar og Reykjavíkur. Það sem Ísafjörður hefur fram yfir Reykjavík er nálægðin við allt, aðgengið að íþróttum og útivist og líka að þurfa ekki að vera með nema einn eða engan bíl.

Akureyri er orðin það stór bær að þú þarft eiginlega að hafa tvo bíla, eiginlega tveggja bíla samfélag, og lífið er ekki eins einfalt og hér, hún hefur ekki nálægðina sem er í þessu litla samfélagi hérna. Líka hefur Akureyri þann ókost að vinnumarkaðurinn er mjög grunnur eins og hér. Þannig eru ekki mörg atvinnutækifæri fyrir viðskiptafræðing, svo dæmi sé tekið. Þó að Akureyri sé einn

Sælkeri vikunnar er Andrea Gylfadóttir á Ísafirði

Kjúklingabringur með döðlufyllingu

Ég ætla að deila með ykkur einni af uppáhalds kjúklinga uppskriftunum mínum og bestu rice krispies köku í heimi.

Kjúklingabringur með döðlufyllingu

- 3-4 Kjúklingabringur
- ½ krukka pestó
- ½ poki döðlur
- ½ krukka fetaostur
- 1 pakki furuhnetur

Fylling: Gott er að láta döðlurnar liggja í vatni í nokkrar mínútur til að mýkja þær. Þær

svo maukaðar í matvinnsluvél, pestói, fetaosti og furuhnetum hrært saman við.

Skorinn er lítill vasi á bringurnar og fyllinginn sett inn í hann, gott er að setja smá fyllingu ofan á bringurnar og eins að hafa afganginn sem meðlæti. Bringurnar eldaðar við 180-200° í ofni í ca 40-45 mínútur. Borið fram með hrísgrjónum og salati.

Besta rice krispies kakan

250 gr mars súkkulaði
250 gr súkkulaði hjúpur (má vera ljós eða dökkur)

1 lítil dós sýróp

- 150 gr smjör
- 280 gr rice krispies

Súkkulaði og smjör brætt í potti. Sýrópi bætt út í og að lokum rice krispies blandað hægt og rólega við. Gott að setja í muffinsform eða í kökuform með bökunarpappír á milli svo auðveldara sé að ná kökunni upp úr.

Ég skora á foreldra mína, brottfluttu Ísfirdingana Arndísi Baldursdóttur og Gylfa Sigurðsson að vera næstu sælkerar.



Þóúa í Ísafjarðarbæ!



af mínum uppáhaldsbæjum og mér þyki gott og gaman að koma þangað, þá stendur hann ekkert endilega upp úr þegar maður ber saman búsetukosti.“

– Á Ísafirði þekkja nánast allir alla ...

„Reyndar kemur það mér stöðugt á óvart hvað það eru margir sem ég þekki ekki. Vissulega þekki ég vel fólk sem er á aldur við mömmu og pabba og eldra og síðan allt niður í minn aldur, en fólk á bilinu frá tvítugu til fertugs þekki ég minna. Þó að ég sé alltaf að kynnast fleirum er langt frá því að ég þekki alla bæjarbúa með nafni. En í svona

litlu samfélagi getur verið vandræðalegt að spyrja einhvern hvað hann heiti, en þetta er svo sem allt að koma.“

Fannst það dálítið sjokk ...

– Varðandi ásýnd bæjarins, hvað finnst þér helst hafa breyst frá því að þú fórst suður, til hins betra eða hins verra?

„Það sem kom kannski mest á óvart þegar ég kom aftur árið 2010, ég hafði aldrei leitt hugann að því, var að átta sig á því að það var ekkert frystihús lengur hér á Eyrinni. Þegar ég var að alast upp vorum við alveg rosalega stolt af Guggunni og Júllan-

um og veiðunum og þessum öflugustu frystihúsum landsins sem unnu mestan afla.

Svo kemur maður til baka tuttuðu árum síðar og áttar sig á því að einu frystihúsin, eða fiskvinnslurnar eins og þetta heitir í dag, eru í minni byggðarlögunum þremur og úti í Hnífsdal, þó að það séu vissulega öflug fyrirtæki. Þó að það sé nú einhver starfsemi í gamla Íshúsfélaginu, þá eru það einhverjar hliðargreinar frá HG. Fyrir utan rækjuvinnsluna hjá Kampa er hér ekki lengur nein alvöru fiskvinnsla sem við vorum frægust fyrir. Mér fannst það dálítið sjokk og finnst það enn.“

– Sérðu fyrir þér að fiskvinnsla og frysting komi aftur til sögunnar í líkingu við það sem var?

„Nei, ég sé það ekki fyrir mér. Hins vegar bind ég vonir við að okkur takist að byggja hér upp fiskeldi, sem geri þá þessi fyrirtæki sem eru til staðar í dag ennþá stærri, og hugsanlega þá eitthvað af því hérna á Eyrinni. En ég held því miður að tækniþróunin sé orðin þannig að við séum ekki að horfa á fjölgun starfa í hefðbundinni fiskvinnslu, nema þá vegna fiskeldis.“

Skýrari framtíðarsýn fyrir friðlandið

– Nú er Hornstrandafriðlandið innan lögsagnarumdæmis og skipulagssvæðis Ísafjarðarbæjar. Hvað segir þú um nýtingu þessa víðlenda svæðis fyrir ferðapjónustu í framtíðinni?

„Hornstrandir eru algjört yndi, en þetta eru líka margir staðir. Ef við lítum á Hesteyri og Aðalvík og jafnvel Grunnavík og Fljótavík, þá eru þetta að einhverju leyti sumarbústaðasvæði, en vissulega nánast eingöngu með gömlum húsum og með mikla sögu. Svo er hins vegar allar eyðibbyggðirnar, firðirnir og svo sjálfar Hornstrandir, þar sem engir eða takmarkaðir gístmöguleikar

eru.

Það sem ég myndi vilja sjá er að reynt yrði að spila þetta einhvern veginn saman, að geta boðið fólki upp á dagsferðir eins og gert er á Hesteyri, en líka að fólk geti komið og upplifað einveruna og refinn og fuglalífið. Að geta setið einhvers staðar út af fyrir sig og geta upplifað náttúruna er vissulega einstakt, og þá vill maður sjálfur ekkert fá fleira fólk í kringum sig. Best væri ef annað gæti fjármagnað hitt.

En mér finnst líka að við þurfum að hafa skýrar reglur þarna og skýrari framtíðarsýn hvernig við ætlum okkur að hafa þetta. Þetta er líka atvinnuspursmál, hvernig við fáum mest út úr þessu. En svo er náttúrulega nánast allt landsvæði þarna í einkaeigu, þannig að eigendur ráða auðvitað ferðinni að vissu leyti.“

13. Mars - 17. Mars
* Ísafjarðarbið *

ALGJÖR SNILLD!

GAMLINGINN
HITT STÓRA FÉLIS HERNER
PESSARI MÁ ALLS EKKI MISSA AF!
AUKASÝNING FIMMTUDAG KL 8

SEIZE YOUR GLORY 3D
Aukasyningar
RISE OF AN EMPIRE

FÖSTUDAG KL 8. LAUGARDAG KL 8.

ISL TAL Synd bæði í 2D og 3D
PIBBOYS & SEMMANS

SUNNUDAG KL 2. 2D SUNNUDAG KL 4. 3D

POMPEII
SUNNUDAG KL 8. MANUDAG KL 8.

Að borga sig upp á Bolafjall?

– Kæmi að þínum dómi til greina að takmarka að einhverju leyti ferðamannafjöldann á þessu eyðisvæði í friðlandinu?

„Það ætti vel að koma til greina. Núna koma einhver skemmtiferðaskip til dæmis inn á Aðalvík og setja fólk í land með léttabátum. Að mínum dómi er það algerlega galið, eitthvað sem ég vildi vinda ofan af. Í fyrsta lagi held ég að fólk sem er þar fyrir sé ekki að sækjast eftir því að skemmtiferðaskip séu að koma þar, og í öðru lagi að það sé allt of mikil áníðsla. Það yrði líklega takmarkaður áhugi á Aðalvík með Costa Concordia liggjandi í fjörunni.“

– Undanfarið hefur verið mikil umræða um gjaldtöku á ýmsum ferðamannastöðum. Hefur þú einhverjar skoðanir á slíku varðandi einstaka staði á Vestfjörðum?

„Mér finnst þessi umræða alveg skiljanleg. En varðandi sjarmann fyrir ferðafólk hér á Vestfjörðum, þá finnst mér ekkert mjög sjarmerandi ef fólk þarf alltaf að taka upp veskið og borga sig inn á Hornstrandir, borga sig upp á Bolafjall eða að Dynjanda í Arnarfirði. Best þætti mér að finna einhverja aðra leið.“

Kostar líka peninga að gera ekki neitt

– Fyrir utan ferðabjónustu, hvaða möguleika fyrir Vestfirði sérðu einkum fyrir þér?

„Ég hef líkt þessu við undirbúning fyrir maraþonhlaup. Þá seturðu þér það markmið löngu fyrir hlaup að hlaupa á einhverjum ákveðnum tíma. Þú leggur upp æfingaáætlun, þú ert með eitthvert skipulag, svo ferðu eftir því og tekur stöðuna annað slagíð, og í lokin er það einn dagur þegar allt verður að smella. Með þessari samlíkingu á ég við, að aðalatriðið er, að ég held, að hagsmunaaðilarnir, sem eru sveitarfélagið og ríkið, það er að segja hið opinbera, og svo atvinnulífið og íbúar, þurfi að setjast niður og búa til plan sem allir vinna eftir.“

Auðvitað kostar eitthvað að fara í slíkar aðgerðir, en það kostar líka peninga að gera ekki neitt. Ég lít svo á að það sé mikilvægara að vinna á þennan hátt frekar en að bíða eftir því að einhver fiskvinnsla eða annar stór vinnustaður fari á hausinn og rjúka þá í einhver átaksverkefni þegar allt er komið í vesen. Það sem ég vil er plan til að vinna eftir í sameiningu, þar sem það er skýrt hver gerir hvað, og það þarf að ná yfir nokkur ár. Það er ekki hægt að snúa við í miðri á heldur þarf að fylgja planinu allt til enda.“

Misgáfuleg verkefni sem þingmenn koma í gegn

– Eftir síðustu kjördæmabreytingu er Vestfjarðakjördæmi ekki lengur til, heldur eru Vestfirði



aðeins lítill og fámennur hluti af hinu gríðarstóra Norðvesturkjördæmi. Núna eiga Vestfirðingar ekki lengur „sína“ þingmenn. Kannski mætti segja að dregið hafi úr því að þingmenn séu að ota sínum tota fyrir heimabyggðina en var þegar kjördæmin voru minni. Heldurðu að þessi breyting hafi minnkað áhrif Vestfjarða og orðið þeim til tjóns?

„Ég vil ekki segja að það sé neitt rangt við það að þingmenn séu að ota sínum tota. Hins vegar hefur það oft verið þannig, vegna þess að ekki hefur verið til skýr byggðastefna, skýrt plan eins og ég var að tala um, að menn hafa komist upp með að koma misgáfulegum verkefnum í gegn. Vegna stefnuleysis hefur slíkt iðulega komist í gegn. Þingmenn hafa ekki alltaf verið að berjast fyrir réttu hlutunum, heldur að svala þeim sem óskra hæst hverju sinni.“

En varðandi kjördæmapot mætti nefna tvennt. Annars vegar að koma fyrir náttúrufræðisafni í Perlunni í Reykjavík eins og samþykkt var í miðju hallærinu. Þar heyrði ég aldrei minnst á neitt kjördæmapot. Og svo Harpan? Er það ekki kjördæmapot?

Allt embættismannakerfið er fyrir sunnan. Ég gæti alveg hallast að því að minnka kjördæmin aftur, þó að þetta sé ekki alveg galið eins og það er. En ég held að Reykjavík skorti ekki fleiri þingmenn. Svo er eitt enn: Það þarf að koma á sátt milli höfuðborgarinnar og landsbyggðarinnar. Þetta eru ekki samkeppnisáðilar heldur sitthvor hliðin á sama peningnum. Landsbyggðin lifir ekki án höfuðborgarinnar, höfuðborgin lifir ekki án landsbyggðarinnar.“

Hættir sem bæjarstjóri

Daníel hyggst einbeita sér að rekstrinum á Hótel Horni þegar hann hættir sem bæjarstjóri eftir kosningarnar í vor.

„Þetta er gríðarlega spennandi. Þegar ég réðst í kaupin á hótelinu, þá var það með það í huga að ég ætlaði að fara að vinna hjá sjálfum mér í þessu verkefni. Við eigum það reyndar ekki ein, heldur ásamt fjölskyldu og vinum sem eiga þetta saman, en hugmyndin var sú að við myndum annast reksturinn.“

Bæjarstjórastarfið hefur verið óskaplega skemmtilegt og ég hefði alveg getað hugsað mér að

vera bæjarstjóri áfram. En núna er ég einfaldlega búinn að taka að mér annað verkefni.“

Nú tekur við að horfa lengra fram á veginn

Daníel kveðst frá byrjun hafa haft alveg skýra sýn á það sem hann ætlaði sér að gera sem bæjarstjóri.

„Fyrst og fremst að breyta rekstrinum þannig að hann stæði betur undir sér. Líka að laga gjaldskrár þannig að þær væru samkeppnishæfar við önnur sveitarfélög, svo sem varðandi leikskóla og miða í sund og annað slíkt. Og svo má nefna eitt enn: Að minnka ryk á Eyrinni! Það var einn þátturinn í því að gera bæinn okkar fallegri.“

Á þessum fjórum árum finnst mér hafa verið áorkað ótrúlega miklu í mörgum litlum og fallegum verkefnum í Ísafjarðarbæ. Núna tekur svo annað við, og það er að horfa lengra fram á veginn, ekki bara að hugsa um reksturinn frá degi til dags, heldur að móta sýnina til framtíðar. Núna erum við komin á þann stað, að við getum ráðist í hluti sem við réðum ekki við á fyrri árum. Reksturinn er orðinn sjálfbær.“ – *hþm*.



Pórey María Ólafsdóttir hárgreiðslusveinn, með hendur í hári viðskiptavinar.

Ný hárgreiðslustofa á Ísafirði

Lísarós ehf., fyrirtæki í eigu Póreyjar Maríu Ólafsdóttur hárgreiðslusveins og eiginmanns hennar, Þórðar E. Sigurvinssonar, hefur keypt húsnæðið að Silfurgötu 6, þar sem hárgreiðslustofan Hárkomaní hefur verið til húsa. Í síðustu viku opnaði þar ný stofa, Hárstofan María. Pórey María er nýútskrifaður sveinn í hárgreiðslu frá Iðnskólanum í Hafnarfirði og hyggst hún reka stofuna. Hárkomaní, sem Guðrún Karlsdóttir hárgreiðslumeistari hefur rekið síðan 2001, lokaði á sama tíma. Guðrún hóf rekstur stofunnar fyrst að Silfurgötu 1, þar sem verslunin Björns-

búð var áratugum saman en þar er nú BB með ritstjórnarskrifstofu sína. Í september 2006 flutti stofan í Silfurgötu 6 eftir umfangsmiklar endurbætur á því húsi, og hefur verið þar síðan.

Að sögn Póreyjar Maríu hyggst Guðrún vinna áfram sem hárgreiðslumeistari á hinni nýju hárgreiðslustofu en starfsfólki verður þó fækkað. „Það þarf því miður að fækka starfsfólki en ég vona að það komi fleiri störf hér á Ísafirði og nýtt fólk með því svo ég muni geta tekið þær allar aftur því þær eru frábærar og góðir starfsmenn,“ segir hún en alls verða nú fjórir starfandi á stof-

unni. Pórey María, Guðrún, Jóhanna Fylkisdóttir og Sigrún Jóhanna Eiríksdóttir.

Aðspurð hverju sæti að hún sé að hætt með reksturinn segir Guðrún: „Ég bara ákvað að þetta væri orðið fínt. Það verður gott að mæta bara hérna og vinna án þess að þurfa að hugsa um allt hitt líka.“ Pórey María og Þórður hafa verið í sjálfstæðum atvinnurekstri með Lísarós frá 2011 en þau gera út bátinn Blikanes ÍS frá Suðureyri og segir hún það mjög spennandi að vera fara út í rekstur hárgreiðslustofu og verslunar.

– harpa@bb.is

Ester Rut Unnsteinsdóttir sendiherra 1% For the Planet

Ester Rut Unnsteinsdóttir, spendýravistfræðingur og forstöðukona Melrakkaseturs Íslands í Súðavík, hefur verið valin í fimmtíu manna hóp sendiherra umhverfisverndarsamtakanna 1% For the Planet. „Já, ég er alveg hissa en jafnframt stolt fyrir hönd Melrakkasetursins og allra þeirra sem við vinnum með. Það er ekki búð að leggja okkur línurnar og við bara bíðum eftir fyrirmælum um næstu skref. Þetta mun klárlega vekja athygli á verkefninu okkar, refunum og Vestfjörðum,“ segir Ester Rut.

Það var árið 2001 sem bandarísku félagarnir Yvon Chouinard, stofnandi og eigandi útivistarvöruframleiðandans Patagonia, og Craig Matthews eigandi fluguveiðiverslunarinnar Blue Ribbon Flies stofnuðu samtök sem þeir kölluðu 1% For the Planet. Samtökin eru samstarfsvett-



vangur fyrirtækja sem lofa að ánafla minnst einu prósentu af ársveltu til raunverulegra umhverfisverkefna. Síðan félagskapurinn var stofnaður hafa meira en 100 milljónir Bandaríkjadalara runnið frá þeim til umhverfismála.

Ísfrska ferðaþjónustufyrirtækið Borea Adventures og Melrakkasetrið, voru fyrst fyrirtækja á Íslandi sem gerðust meðlimir í samtökunum en það var árið 2010. Bæði þessi fyrirtæki höfðu stutt grasrótarsamtök sem börð-

ust fyrir umhverfisvernd og þeir deildu þeirri skoðun að heilbrigð náttúra væri nauðsynleg fyrir framtíð mannkyns og framtíð fyrirtækja þeirra. „Melrakkasetrið verði í miklu og góðu samstarfi við Borea Adventures, sem aðstoða okkur viðrannsóknir sem við framkvæmum í friðlandinu á Hornströndum og í framtíðinni munum við leita eftir enn frekara samstarfi bæði innan og utan Íslands,“ segir á vefsíðu Melrakkasetursins.

– harpa@bb.is



Orkubú Vestfjarða

Útboð Fossárvirkjun

Fyrirhugað er að byggja nýtt stöðvarhús neðan núverandi stöðvarhúss í Engidal, inn af Skutulsfirði, þar sem nýjum búnaði verður komið fyrir sem leysir þann gamla af hólmi. Orkubú Vestfjarða óskar eftir tilboðum, með fyrirvara um leyfisveitingar, í eftirtalin tvö verk.

Fossárvirkjun – endurnýjun þrýstipípu

Verkið felur í sér niðurlögn þrýstipípu frá nýju stöðvarhúsi Fossárvirkjunar í landhæð, 37,0 m y.s. að inntakshúsi í landhæð, 350 m y.s. (að undanskildum um 250 m kafla ofarlega á virkjunarsvæðinu).

Helstu magntölur eru eftirfarandi:

Gröftur lausra og fastra jarðlaga,	15.000 m ³
Sprengigröftur/fleygun	3.000 m ³
Fylling með þrýstipípu	1.700 m ³
Annað fyllingarefni	16.000 m ³
Steinsteypa	70 m ³
Útlagning DN500 þrýstipípu úr trefjaplasi	1.700 m

Verkingu skal vera að fullu lokið í byrjun október 2014.

Fossárvirkjun – bygging stöðvarhúss

Verkið felur í sér byggingu stöðvarhúss og jarðvinnu tengt því. Stærð stöðvarhúss er 146m² og 930 m³. Stöðvarhúsið er byggt úr steinsteypu með steypu þaki. Húsinu skal skila fullkárðu að innan og utan með dúk á þaki, múrhúðuðu og gleri í gluggum.

Helstu magntölur eru eftirfarandi:

Gröftur	600 m ³
Fyllingar	350 m ³
Lagnaskurður	280 m
Mótaflötur	1.530 m ²
Bendistál	17.500 kg
Steinsteypa	300 m ³

Verklok eru áætluð 15. nóvember 2014. Bygging stöðvarhúss skal þó vera það langt komin 15. ágúst nk., að þá geti niðursetning véla og búnaðar hafist.

Hægt er að panta útboðsgögnin frá og með fimmtudeginum 13. mars nk., með því að senda beiðni á netfangið ov@ov.is eða gg@ov.is.

Tilboðum skal skilað á skrifstofu Orkubúsins, Stakkanesi 1, 400 Ísafirði fyrir kl. 11:00, þriðjudaginn 1. apríl 2014. Þar verða þau opnuð og lesin upp að viðstöddum þeim sem það kjósa.

Orkubú Vestfjarða ohf.



Sportið í beinni...

Fimmtudagur 13. mars
 kl. 18:00 Porto - Napoli
 kl. 20:00 AZ Alk. - Anzhi
 kl. 20:00 Tottenham - Benfica

Laugardagur 15. mars
 kl. 12:45 Hull - Man. City
 kl. 15:00 Everton - Cardiff
 kl. 15:00 Swansea - WBA
 kl. 15:00 Stoke - West Ham
 kl. 15:00 South.m.pt. - Norwich
 kl. 19:00 Malaga - Real M.

Sunnudagur 16. mars
 kl. 13:30 Man. Utd - Liverpool
 kl. 16:00 Tottenham - Arsenal
 kl. 16:00 Barcelona - Osasuna

Þriðjudagur 18. mars
 kl. 19:45 Real M - Schalke
 kl. 19:45 Chelsea - Galat. ray
Miðvikudagur 19. mars
 kl. 19:45 Man. Utd - Olympiak
 kl. 19:45 Dortmund - Zenit

Dagar Íslands

13. mars 1982: Sjónvarpað var beint í fyrsta sinn frá erlendum íþróttaviðburði en það var úrslitaleikur Tottenham og Liverpool um enska deildarbikarinn.

14. mars 1987: Þyrla Landhelgisgæslunnar bjargaði níu manns þegar Barðinn strandaði við Dritvík á Snæfellsnesi. Aðstæður voru erfiðar og í Morgunblaðinu var þetta sagt mikið björgunarafræk.

15. mars 1983: Litlu munaði að farþegaþota frá Arnarflugi og herflugvél lentu í árekstri skammt vestan við Vestmannaeyjar. Herflugvélin hafði farið út fyrir sitt svæði.

17. mars 1988: Tólf marka drengur fæddist á Landspítalanum og var það fyrsta íslenska barnið sem fæddist eftir glasaftrjógvun erlendis.

19. mars 1971: Tollstöðvarhúsið í Reykjavík var tekið í notkun með viðhöfn.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Norðlæg átt, 8-13 m/s og él, en léttir til sunnan- og vestanlands síðdegis. Kólnar í bili.

Horfur á laugardag:

SA-átt með snjókomu og vægu frosti í byrjun, en snýst síðan í V-átt með slyddu eða rigningu og hlýnar í bili.

Horfur á sunnudag:

Vestanátt með éljagangi og kólnandi veðri víðast hvar.

Krossgátan

	Jón Steingr.	Halli	↙	Angan	Fima Ómegin	Til	Ísl. stafur	↘	Þekkt Hætta
	→	Ári							↘
	Grænmetið						Sk.st.		
	Stag					Átt			
	Morgunroði					Reiður Höndin			
Ráðgera	↓	Öflug röð		Lík Bæn				↘	
		Stafurinn		Á endum					
↘					Eytt Uppi-staða				
Hrottum						✓			Samhlj. Atvik
Náttúra				Illæri				Tvíhlj. Einn	
Samhlj.		Einn		Flan			✓		↘
Duglegur		Ríki		Miska					Uxa
↘					Stafur			Býli	
					Næði			Lasinn	
Óreiða			Líkami						
		Önuglynd							
Mynt	↔			Hitatæki Sólguð					↘
				Ás					
Konan					Sælu				Handfæris
Spil					Hraða				
↘				Mán. (stytting)			Átt		Átt
				Samhlj.			Frá		Skoðun
Samhlj.		Lengd Virða							
Fáguð	←	Tónn							
↘			←	Sólguð		Framleiðsla			
				↘		Sérhlj.			
Eink. stafur		→					Víma		

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is



Gámaþjónusta
Vestfjarða ehf

BROTAJÁRN

Parftu að losna við brotajárn?
Tökum á móti brotajárni og útvegum gáma undir það.

Sími: 456 3710
gamarvest.is

Lausn á síðustu krossgátu

Dæmd fyrir líkamsárás

Ung kona hefur verið dæmd í tveggja mánaða fangelsi í Héraðsdómi Vestfjarða fyrir líkamsárás fyrir utan veitingastaðinn Húsið á Ísafirði í september í fyrra. Fullnustu refsingarinnar er frestað í tvö ár haldi hún skilorð.

Konan er dæmd fyrir að hrinda konu niður tröppur við inngang Hússins þannig að hún hlaut áverka. Hún var dæmd til að greiða 150 þúsund krónur í miskabætur. Konan var einnig dæmd fyrir búðahupl.

BG flokkurinn kemur saman

Endurkomutónleikar BG og Ingibjargar verða haldnir í Edinborgarhúsinu á Ísafirði föstudaginn 23. maí. Samúel Einarsson, bassaleikari BG, segir að ef eftirspurn eftir miðum verði mikil og færri komist að en vilja, verði slegið upp aukatónleikum daginn eftir.

Einnig hefur verið ákveðið að hljómsveitin haldi ball í Edinborgarhúsinu laugardagskvöldið 24. maí. BG flokkurinn var um áratugaskeið vinsælasta hljómsveit Vestfjarða og sum lög þeirra fyrir löngu orðin að þjóðsöngum Vestfirðinga.

Fækkað um einn sjúkrabíl

Fækkað hefur í sjúkrabílaflota Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar og samanstendur hann nú af tveimur bílum. Þorbjörn Sveinsson, slökkviliðsstjóri, segir að frá því að sjúkrabíllinn í Bolungarvík fluttist inn á Ísafjörð hafði staðið til að senda einn bíl í burtu. Þorbjörn segir aðspurður að fækkunin eigi ekki að fela í sér skerðingu á þjónustu. „Nei, það á ekki að vera það. Við höfum notað bílinn einu sinni til tvisvar á ári þegar það hefur verið þörf á öllum þremur bílunum. En það er bíll á Þingeyri sem við getum kallað til og eins getum við fengið aðstoð frá björgunarsveitunum ef eitthvað stórt hendir,“ segir Þorbjörn.

Þegar sjúkrabíllinn í Bolungarvík var fluttur til Ísafjarðar var slökkviliðinu tilkynnt af sjúkraflutningaráði að bíllinn yrði að endingu fluttur annað og segir Þorbjörn að hann hafi í raun ekki mótmælt því enda hefði það enga þýðingu. Það er Rauði kross Íslands sem á bílana en sjúkraflutningaráð sér um að deila þeim niður á landið. Sjúkraflutningaráði er ætlað að vera að vera ráðgefandi um allt er varðar sjúkraflutninga í landinu.

Þjónustuauglýsingar

Jón Steingr.		Á		E				B			
	G	L	E	Y	M	D	⇒	E	R	↻	Æ
	O	F	I	Ð		Ú	T	L	E	G	Ð
	T	U	R	N	A	R		S	K	O	R
S	T	R	Á	I	N		Ó	K		L	A
	↓		S		S	Ó	L	U	N	D	A
K	A	R	A	T		T	Í	R		I	
	T	Ú	N	D	R	A	N		Ö	N	N
Á	L	M	A		D	L	U	K	S	↻	A
	Æ	S		F	R	Ú		Ú	N	S	U
E	T	J	I	R		T	R	A	U	T	T
	I	Ó		Ö	S		Á	R		A	N
	↓	R	A	K	K	A	A	T	S	F	
	E		S	K	E	L	H	E	K	K	S
K	R	Ó	K		R		Í	B	Ú	A	P
	↻	G	J	Ö	F	U	M	↻	T	R	Ú
F	R	Á	A	R		K	A	K	A	L	I

Sudoku prautilir

6		3		2	9			7
	5							6
	9							4
5			2					9
		6	8		5	7		
2					7			1
3								2
	6							7
1			5	4		3		6

3			6			2		1
		4	2		9		7	5
	5							
							8	9
5			4		8			6
8	3							
							6	
7	1		8		6	5		
9		6			2			3

JAKOB VALGEIR EHF
 Grundarstíg 5
 415 Bolungarvík
 450 7700

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
 Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

66°N Sjóvinnufatnaður
 Stígvél og vettlingar
 Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

Öll almenn húsmíði
 Bolungarvík
 456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir **GLERBORG**

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is

VERK VEST

ENDURSKOÐUN VESTFJARÐA ehf
 Sími í Bolungarvík 450 7900
 Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

BÍLASALA
 456 3800
Bílaverkstæði
 456 4580

BÍLATANGI HF.
 ÍSAFIRÐI
 Suðurgötu 9

Kampi EHF

Rækjuvinnsla:
 Sindragötu 1 • 400 Ísafjörður • Sími: 450 4000

Fiskvinnsla:
 Hafnargötu 90 • 415 Bolungarvík • Sími 450 7507 / 863 2600

HRADFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
 - sjálfbær niðring sjávarauðlunda

Sjúkdóma- trygging

sem hægt er
að endurvekja



NÝJUNG Á ÍSLANDI

OKKAR Sjúkdómatrygging XL er nýjung hér á landi. Trygginguna er hægt að endurvekja eftir að bætur hafa verið greiddar úr henni og þannig geta viðskiptavinir OKKAR tryggt sig aftur gegn sjúkdómum sem kunna að knýja dyra síðar meir.

Fimm bótaflokkar

Tryggingunni er skipt upp í fimm bótaflokkar eftir eðli sjúkdóma. Sé sótt um nýja tryggingu eftir greiðslu bóta er sá flokkur undanskilinn sem bætur hafa verið greiddar úr. Þannig er aðeins hægt að fá bætur einu sinni úr hverjum flokki.

Karlar og konur greiða sama iðgjald af Sjúkdómatryggingu XL, séu þau jafn gömul. Kynntu þér málið á www.okkar.is eða hringdu í síma 540 1400.

OKKAR líftryggingar - með þér alla ævi